

Skútustaðahreppur
Guðrún María Valgeirsdóttir,
sveitarstjóri
Hlíðavegi 6
660



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. ágúst 2009
Tilvísun: UST20090700125/ksj

Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 - 2015 vegna stækkunar Kröfluvirkjunar, Kröfluvirkjun 2

Vísað er til erindis Mannvits fyrir hönd Skútustaðahrepps er barst 21. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 – 2015, vegna stækkunar Kröfluvirkjunar, Kröfluvirkjun 2.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 – 2015.

Iðnaðar- og orkuvinnslusvæði

Vegna áætlunar um stækkun Kröfluvirkjunar með Kröflu 2 er gerð tillaga um stækkun iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis innan sveitarfélagsins:

Vestursvæði, stækkun orkuvinnslusvæðis til austurs meðfram hlíðum Þríhyrninga. Um leið er sett hverfisvernd á á hrauntröð sem áður var utan iðnaðarsvæðis. Augljóst er að í fyrri afmörkun iðnaðarsvæðisins er sveigt hjá ofangreindri hrauntröð og telur Umhverfisstofnun ekki æskilegt að slíta náttúruminjar úr samhengi á þennan hátt og gild rök þurfa að vera fyrir slíkri skipulagsbreytingu. Í breytingartillögunni eru ekki færð rök fyrir breytingunni önnur en þau að stefna sveitarfélagsins sé að nýta orku svæðisins. Umhverfisstofnun minnir á möguleika til skáborunar.

Við Leirhnjúk er gert ráð fyrir stækkun orkuvinnslusvæðis til vesturs til móts við Leirhnúk. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að haft sé í huga útivistar-, fræðslu- og náttúruverndargildi svæðis svo nálægt Víti. Áætluð stækkun mun væntanlega hafa mikil áhrif á ásýnd ofangreinds svæðis. Þegar Umhverfisstofnun hafði til umsagnar áætlaðar rannsóknarboranir vegna Kröflu II var leitað eftir áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá fylgiskjal) á verndargildi jarðmyndana á fyrirhuguðum rannsóknarborgarsvæðum. Samkvæmt svari Náttúrufræðistofnunar dags. 12 janúar 2009 „er verndargildi jarðmyndana á Kröflusvæðinu í meginatriðum þrjúþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða myndanir og ummerki Kröfluelda (1975 -

1984) ásamt ummerkjum Mývatnselda (1724 - 1729), í öðru lagi jarðmyndanir tengdar megineldstöðinni Kröflu og í þriðja lagi yfirborðsummerki jarðhita á Kröflusvæðinu “. Að mati Umhverfisstofnunar ræður staðsetning borteiga innan þess svæðis er skilgreint er í breytingartillögunni sem iðnaðarsvæði, því miklu um hvort framkvæmdir valdi verulegum umhverfisáhrifum eða ekki. Einnig er mikilvægt að þar sem breytingartillagan gerir ráð fyrir iðnaðarsvæði á svo mikilvægum náttúruminjasvæðum verði leitast við að raska eins litlu af jarðmyndunum og kostur er.

Við Víti, er gert ráð fyrir stækkun orkuvinnslusvæðis norðan og vestan Vítis. Flatarmál stækkunarinnar er um 78,5 ha. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki æskilegt að iðnaðarsvæði verði skilgreint allt í kringum Víti eins og breytingartillagan gerir ráð fyrir. Í áður nefndu álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að: „Ummerki um einn athyglisverðan þátt Mývatnselda er sprengigígurinn Víti en hann og Víti í Öskju eru einu gígarnir af þessu tagi sem þekkt er með vissu að hafi myndast eftir að landið byggðist. Samkvæmt svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 á svo að heita að Víti njóti hverfisverndar en verndarmörkin eru dregin fast við jaðra megingígsins þannig að hann fær engan veginn notið sín ef framkvæmdir ganga nærri honum eins og þegar hefur reyndar gerst með borteig fast austsuðaustan við gíginn. Við Víti eru einnig minni sprengigígar sem myndast hafa um leið og megingígurinn og eru þeir óaðskiljanlegur hluti af þessari jarðmyndun. Tryggja þarf að ekki verði fleiri mannvirkjum komið fyrir fast upp við sprengigígana og leggur Náttúrufræðistofnun til að ekki verði staðsett mannvirki nær Víti og tilheyrandi sprengigígum en 500 m “. Umhverfisstofnun telur að fara þurfi að tillögu Náttúrufræðistofnunar og því þurfi að koma fram í breytingartillögunni að ekki verði af frekari mannvirkjum innan 500 metra fjarlægðar frá Víti og tilheyrandi sprengigígum.


Hverfisverndarsvæði


Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um ný hverfisverndarsvæði en telur ekki æskilegt að náttúruminjar séu umkringdar iðnaðarsvæði eins og áætlað er í breytingartillögunni sbr. hrauntröð inni á Leirhnjúkshrauni og Víti, enda muni það rýra náttúruverndargildi og ásýnd viðkomandi náttúruminjasvæða.

Jarðefnavinnsla, malarnám

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við áætlanir um efnistöku er fram koma í breytingartillögunni, en bendir á að mikilvægt er að áætlunum um frágang er fram koma í greinargerð verði fylgt eftir.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Umhverfisstofnun
Ólafur A Jónsson
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Umhverfisstofnun
Áb. <u>B5 OAS</u>
14 JAN. 2009
<u>54.3</u>
Tilv. <u>VST2008/200157</u>

Reykjavík, 12. janúar 2009
2009010018/42-8
SE/kj

Efni: Rannsóknarboranir við Kröflu í Skútustaðahreppi, tillaga að matsáætlun

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 9. janúar 2009 þar sem óskað er álits Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi jarðmyndana á fyrirhuguðum borsvæðum við Kröflu sem kynnt eru í tillögu að matsáætlun sem Landsvirkjun hefur lagt fram til meðferðar hjá Skipulagsstofnun.

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er verndargildi jarðmyndana á Kröflusvæðinu í meginatriðum þrjúþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða myndanir og ummerki Kröfluelda (1975 - 1984) ásamt ummerkjum Mývatnselda (1724 - 1729), í öðru lagi jarðmyndanir tengdar megineldstöðinni Kröflu og í þriðja lagi yfirborðsummerki jarðhita á Kröflusvæðinu.

Kröflusvæðið hefur markast töluvert af mannvirkjagerð síðan framkvæmdir hófust á svæðinu upp úr 1970 og með fyrirhuguðum borunum mun mannvirkjasvæðið stækka til norðurs og austurs. Ummerki Kröfluelda (1975 - 1984) eru tiltölulega lítt röskuð. Nánar er fjallað um verndargildi ummerkja Kröfluelda í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um verndargildi jarðmyndana í Gjástykki. Ummerki um einn atyglisverðan þátt Mývatnselda er sprengigígurinn Víti en hann og Víti í Öskju eru einu gígarnir af þessu tagi sem þekkt er með vissu að hafi myndast eftir að landið byggðist. Samkvæmt svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 á svo að heita að Víti njóti hverfisverndar en verndarmörkin eru dregin fast við jaðra megingígsins þannig að hann fær engan veginn notið sín ef framkvæmdir ganga nærri honum eins og þegar hefur reyndar gerst með borteig fast austsuðaustan við gíginn. Við Víti eru einnig minni sprengigígur sem myndast hafa um leið og megingígurinn og eru þeir óaðskiljanlegur hluti af þessari jarðmyndun. Tryggja þarf að ekki verði fleiri mannvirkjum komið fyrir fast upp við sprengigígana og leggur Náttúrufræðistofnun til að ekki verði staðsett mannvirki nær Víti og tilheyrandi sprengigígum en 500 m.

Ein atyglisverðasta myndunin innan Kröflumegineldstöðvæðisinnar er Hrafninnuhryggur, um 2,5 km langur og rís um 80 m yfir umhverfið. Hrafninnuhryggur er allur úr líparíti og hrafninn sem er ein af ásýndum líparíts er í beltum og á jöðrum hleina í háhryggnum. Fersk hrafninn úr Hrafninnuhrygg þykir sérlega falleg, biksvört með tæran glergljáa og er hún dílalaus. Stór stykki af ferskri og sérlega fallegri hrafninnu er helst að finna í suðurhluta hryggjarins.

